

AÐALFUNDUR RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

Á GRAND HOTEL REYKJAVÍK, 6. MAÍ 2026

Fundargerð

Aðalfundur hófst kl. 09:05.

1. Setning fundarins

- Aðalfundur Rauða krossins á Íslandi var formlega settur af Sigríði Stefánsdóttir formanni Rauða krossins á Íslandi, laugardaginn 6. maí 2024.
- Sigríður Stefánsdóttir formaður Rauða krossins á Íslandi minntist látinna félaga síðustu tveggja ára.
- Alma Möller heilbrigðisráðherra flutti ávarp.
- Sigríður Stefánsdóttir veitti sjálfboðaliðum viðurkenningu. Þau sem hlutu viðurkenningu voru:
 - Helgi Ívarsson, Höfuðborgardeild
 - Þröstur Ólafsson, Höfuðborgardeild
 - Þórður Guðni Pálsson, Höfuðborgardeild
 - Málfríður Björnsdóttir, Múlasýsludeild
 - Halldór Valdemarsson, Þingeyjarsýsludeild
 - Valdís G. Gunnlaugsdóttir, Eyjafjarðardeild
 - Mohamad Abed Alhaji, Húnavatnssýsludeild

2. Einmanaleiki og félagsleg einangrun

- Elfa Dögg S. Leifsdóttir sálfræðingur og teymisstjóri hjá Rauða krossinum flutti erindi um einmanaleika, félagslega einangrun og mikilvægi félagslegra tengsla.
- Fanney Grétarsdóttir deildarstjóri Suðurnesjadeildar flutti erindi um mánudagskaffi Grindvíkinga.
- Sóley Björk Stefánsdóttir verkefnastjóri í Eyjafjarðardeild flutti erindi um vinahópa á Dalvík og í Ólafsfirði.
- Málfríður Björnsdóttir sjálfboðaliði í Múlasýsludeild flutti erindi um ökuvini í Múlasýslu.

Jón Haukdal sjálfboðaliði tók til máls varðandi móttöku flóttafólks og mikilvægi þess að efla hana í tengslum við einmanaleika og félagslega þátttöku.

3. Aðalfundarstörf skv. 7. gr. laga Rauða krossins

- a. Fundarstjóri kosinn, Kristján Sturluson fyrrverandi framkvæmdastjóri Rauða krossins á Íslandi (2004-2013), tók hann við stjórn fundarins.
- b. Fundarritarar kjörnir, Margrét Gíslínudóttir og Sigurbjörg Birgisdóttir, starfsfólk Rauða krossins.
- c. Fundarstjóri úrskurðar um lögmati fundarins. Fundurinn var löglega boðaður. Kjörbréf fulltrúa deilda voru athuguð jafnóðum. Fundurinn samþykkti að ekki þyrfti að lesa upp kjörbréfin. **Enginn** gerði athugasemd við lögmati fundar. Við upphaf fundar voru mættir **46** fulltrúar frá **17** deildum. Fundurinn telst lögmatgur og ákvörðunarbær. **4** fulltrúar bættust við fyrir atkvæðagreiðslu um ársreikninga og voru því **50** fulltrúar með atkvæðisrétt þegar tillaga um ársreikninga var tekin fyrir. Einn fulltrúi bættist við fyrir atkvæðagreiðslu um lagabreytingar og tveir véku af fundi og voru því **49** fulltrúi með atkvæðisrétt þegar kosning um lagabreytingar fór fram. Einn fulltrúi vék af fundi áður en kjör stjórnar fór fram og voru því **48** fulltrúar með atkvæðisrétt þegar kosning um stjórnarkjör fór fram.
- d. Fundarstjóri fór yfir dagskrá fundarins og mismunandi form á atkvæðagreiðslu. Hefðbundin aðalfundarstörf, farið í lagabreytingar og efnisleg atriði um starfsemi félagsins. Gengið var til dagskrár.
- e. Fundargerð aðalfundar 4. maí 2024 fylgdi fundargögnum, lögð fram til umræðu. **Enginn** gerði athugasemd við fundargerðina.
- f. Sigríður Stefánsdóttir flutti skýrslu stjórnar um starf Rauða krossins á Íslandi tvö síðastliðin ár og var hún lögð fram til umræðu. Silja Ingólfssdóttir, Höfuðborgardeild tók til máls. Sigríður Stefánsdóttir formaður, Jón Brynjar Birgisson sviðsstjóri og Ívar Kristinsson gjaldkeri svöruðu.
- g. Endurskoðaðir reikningar tveggja síðustu ára voru lagðir fram til afgreiðslu, Ívar Kristinsson gjaldkeri stjórnar kynnti og lagði fram til umræðu og atkvæðagreiðslu. Silja Ingólfssdóttir, Höfuðborgardeild tók til máls. Ívar Kristinsson gjaldkeri svaraði. Halla Eiríksdóttir, Múlasýsludeild tók til máls. Ívar Kristinsson gjaldkeri og Sólrún María Ólafsdóttir teymisstjóri alþjóðaverkefna svöruðu. Þorsteinn Jónsson tók til máls. Ívar Kristinsson gjaldkeri svaraði.

Ársreikningur 2024 samþykktur með öllum greiddum atkvæðum (49 atkvæði).

Ársreikningur 2025 samþykktur með öllum greiddum atkvæðum (49 atkvæði).

*Hlé gert á fundi klukkan 12:08.
Fundarhald hófst á ný kl. 13:10.*

Tillögur stjórnar til næstu tveggja ára

- h. Tillaga stjórnar um markmið, áætlanir og forgangsröðun verkefna Rauða krossins næstu tvö ár. Jón Ásgeirsson varaformaður kynnti og lagði fram til umræðu.

Málefnasvið

- Loftslagsbreytingar og náttúruvá
- Neyðarvarnir og viðbragð
- Heilbrigði
- Fólk á flóttu
- Málsvarastarf, vernd og inngilding

Markmið

- Vel undirbúin samfélög
- Öryggi, heilbrigði og mannhelgi
- Opin og friðsæl samfélög

Áherslur í innra starfi

- Þétt eining sem mætir flóknum og samverkandi áskorunum
- Opið og fjölbreytt félag sem vinnur að inngildingu
- Fjölbreytt sjálfboðastörf og nýsköpun
- Fjárhagslega sjálfbærni
- Framsækna forystu og nýja kynslóð
- Fjármál
- Tillögur framtíðarnefndar

Kristín Björk Gunnarsdóttir. Eyjafjarðadeild tók til máls. Jón Ásgeirsson svaraði.

Ákvörðun: **Tillaga stjórnar samþykkt með öllum greiddum atkvæðum (49 atkvæði).**

- i. Tillaga stjórnar um skiptingu tekna milli verkefna og deilda næstu tvö ár, sbr. 12. gr., 1. og 2. mgr. Tillaga gerð um eftirfarandi skiptingu. Ívar Kristinsson gjaldkeri kynnti.
1. **Sameiginlegir tekjustofnar eru framlög Íslandsspila til Rauða krossins á Íslandi og hagnaður af framlögum Mannvina.**
 2. **Skipting framlaga Íslandsspila**
 - a. Skipting framlaga Íslandsspila árin 2027 og 2028 skal vera eftirfarandi:
 - i. **3% fer til Sjúkrabílasjóðs**

- ii. **10%** fer til deilda og skiptist í samræmi við íbúafjölda. Þó skal framlag til einstakra deilda vera að lágmarki 500.000 krónur.
 - iii. **10%** fer til verkefnasjóðs.
 - iv. **77%** fer til landsskrifstofu í innanlandsstarf, alþjóðlegt hjálparstarf og almennan rekstur samkvæmt ákvörðun stjórnar.
- b. Deildir sem eiga uppsafnað fjármagn í árslok ársins á undan sem er hærra en fimmfalt margfeldi framlaga Íslandsspila ársins á undan fá ekki greiddar kassatekjur skv. 2.1.b. hér að ofan. Þeirra framlag rennur í verkefnasjóð.

Uppsafnað fjármagn er reiknað sem hér segir: Allt fé á bankareikningi og í sjóði að viðbætti allri verðbréfaeign, jafnt skammtíma- sem langtímaverðbréfum að viðbættum skammtímakröfum og að frádregnum skammtímaskuldum.

3. Skipting hagnaðar af framlögum Mannvina

Hagnaður af framlögum Mannvina reiknast sem allar greiðslur frá Mannvinum að frádregnum öllum kostnaði við fjáröflun þ.m.t. söfnun, innheimtu og umsýslu með fjáröfluninni. Skipting hagnaðar af framlögum Mannvina árin 2027 og 2028 skal vera eftirfarandi:

- i. **10%** fer til verkefnasjóðs
- ii. **90%** fer til landsskrifstofu í innanlandsstarfs, til alþjóðlegs hjálparstarfs og almennan rekstur samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar.

Gunnar Frímansson, Eyjafjarðardeild tók til máls. Ívar Kristinsson svaraði.

Breytingartillaga borin fram um að fella út setningu í 2.a.ii; *Þó skal framlag til einstakra deilda vera að lágmarki 500.000 krónur.*

Ákvörðun: **Breytingartillaga samþykkt.**

50 atkvæði voru greidd

Já sögðu: 27

Nei sögðu: 21

Sátu hjá: 2

Tillaga borin upp í heild

Ákvörðun: **Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum (50 atkvæði).**

- j. Tillaga gjaldkera með hugmyndum að breytingu á reglum um tekjuskiptingu.

Til máls tóku:

Þorsteinn Jónsson, Höfuðborgardeild.
Briet Finnsdóttir, Múlasýsludeild.
Sigríður Stefánsdóttir formaður.
Gunnar Már Gunnarsson, Eyjafjarðardeild.
Halla Eiríksdóttir, Múlasýsludeild.

Ákvörðun: Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum að vísa tillögu Ívars til formannafundar (47 atkvæði)

Þorsteinn Jónsson lagði fram eftirfarandi tillögu fyrir hönd Höfuðborgardeildar.

Inngangur og afstaða stjórnar

Stjórn höfuðborgardeildar Rauða krossins á Íslandi lýsir yfir vilja til að styðja tillögu stjórnar RKÍ nr. 3.6 um nýja tekjuskiptingu innan hreyfingarinnar. Til þess að tillagan nýtist félaginu sem best og eyði óvissu um fjármögnun stórra samfélagsverkefna, óskar deildin eftir bindandi samstarfi við stjórn RKÍ um samhliða rýmkun á reglum verkefnasjóðs.

Rökstuddar ástæður fyrir breytingu á verkefnasjóði

Stjórn höfuðborgardeildar telur nauðsynlegt að afnema tekjutengingu í reglum verkefnasjóðsins á grundvelli eftirfarandi raka:

- *Stuðningur við stór samfélagsverkefni: Tryggja þarf að deildir sem leiða umfangsmikil neyðar- og samfélagsverkefni í þágu hreyfingarinnar (t.d. á sviði skaðaminnkunar eða móttöku viðkvæmra hópa) geti treyst á stuðning úr sameiginlegum sjóðum þegar þörf krefur.*
- *Hvatning til sjálfstæðrar fjáröflunar: Núverandi tekjutenging virkar sem letjandi þáttur fyrir virkar deildir. Með því að draga úr eða afnema tekjuteningu eru allar deildir hvattar til að hámarka eigin tekjur, án þess að það skerði möguleika þeirra á samstarfsfé til stærri verkefna.*
- *Sveigjanleiki og viðbragðsgeta: Með opnari aðgangi að verkefnasjóði getur félagið brugðist hraðar og betur við nýjum samfélagslegum áskorunum, óháð því hvar á landinu þær koma upp og hvaða deild hýsir þær.*
- *Samheldni innan hreyfingarinnar: Breytingin ýtir undir þá sýn að sameiginlegir sjóðir séu til þess að efla starfsemina í heild sinni og jafna tækifæri til vaxtar, óháð stærð eða staðsetningu einstakra deilda.*

Tillaga að samkomulagi og skilyrði

Stjórn höfuðborgardeildar fer fram á að stjórn RKÍ gefi út skriflega viljayfirlýsingu fyrir afgreiðslu tillögunnar, þar sem staðfest er að hafin verði vinna við endurskoðun og afnám tekjutengingar í reglum verkefnasjóðs á komandi starfsári. Slíkt samkomulag skapar traustan grundvöll fyrir samþykkt tillögu 3.6 á komandi fundi.

Lokaorð

Það er einlæg von okkar að stjórn RKÍ taki þessu erindi sem uppbyggilegu innleggi til að tryggja vöxt og viðgang hreyfingarinnar allrar. Með því að eyða óvissu um fjármögnun stærri verkefna sýnum við samstöðu í verki og styrkjum baklandið okkar til framtíðar. Við lýsum yfir fullu trausti til stjórnar RKÍ við að leiða þetta samstarfsverkefni til farsælla loka, skjólstæðingum okkar til hagsbóta.

F.h. stjórnar höfuðborgardeildar Rauða krossins á Íslandi:

Þorsteinn Jónsson, Helga Sif Friðjónsdóttir, Þorsteinn Sürmeli, Guðfinna Guðmundsdóttir, Margrét Gauja Magnúsdóttir, Hákon Skúlason, Auðbjörg Ólafsdóttir, Friða Björk Ingvarsdóttir og Jón Sigurðsson.

Ákvörðun: Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum að vísa tillögu Höfuðborgardeildar til formannafundar (48 atkvæði).

- k. Tillaga stjórnar um hækkun árgjalds úr 4.500 kr. í 4.900 kr. Ívar Kristinsson gjaldkeri kynnti.

Ákvörðun: Tillaga um árgjald samþykkt með öllum greiddum atkvæðum (47 atkvæði)

- l. Tillögur að breytingum á lögum Rauða krossinn á Íslandi lagðar fram til umræðu og afgreiðslu. Arnbjörg Sveinsdóttir ritari stjórnar og formaður laganefundar kynnti tillögu.

Til máls tóku:

Heiðrún Hauksdóttir, Höfuðborgardeild. Arnbjörg Sveinsdóttir ritari stjórnar svaraði.

Jón Sigurðsson, Höfuðborgardeild.

Kristín Björk Gunnarsdóttir, Eyjafjarðardeild.

Tillaga um að greiða atkvæði um lagabreytingar í einu lagi er borin undir fundinn.

Ákvörðun: Samþykkt einróma að greiða atkvæði í einu um tillögur stjórnar til lagabreytinga.

2/3 atkvæða að minnsta kosti helmings fulltrúa þarf til að samþykkja tillöguna.

Tillaga stjórnar um lagabreytingu borin upp til atkvæða.

46 atkvæði voru greidd

Já sögðu: 46

Nei sögðu: Engin/n

Sátu hjá: 0

Ákvörðun: Tillaga stjórnar um lagabreytingu telst samþykkt.

Tillaga ungmennaráðs að lagabreytingum lagðar fram til umræðu og afgreiðslu. Ingibjörg Ásta Bjarnadóttir formaður ungmennaráðs og Salvör Ísberg varaformaður kynntu tillögu.

Til máls tóku:
Silja Ingólfssdóttir, Höfuðborgardeild.

Tillaga um lagabreytingu borin upp til kosninga.

48 atkvæði voru greidd

Já sögðu: 48

Nei sögðu: Engin/n

Sátu hjá: 0

Ákvörðun: **Tillaga ungmennaráðs um lagabreytingu telst samþykkt.**

Tillaga borin upp í heild. Grein um ungmennaráð verður 24. grein og númer greina sem á eftir koma breytast í samræmi við það. Þá breytist 1. setning í 19. tl. 7. gr. og verður þannig: *Einfaldan meirihluta greiddra atkvæða þarf til að breyta 18.-24. grein laga þessa.*

Ákvörðun: **Lagabreytingar, í samræmi við framangreint, samþykktar með öllum greiddum atkvæðum (48 atkvæði).**

- m. Tillaga að niðurlagningu Húnavatnssýsludeildar lögð fram. Sigríður Stefánsdóttir formaður kynnti.

Til máls tóku:
Sólborg Una Pálsdóttir, Skagafjarðardeild.
Gunnar Frímansson, Eyjafjarðardeild.

Gunnar Frímansson lagði fram breytingartillögu, í stað tveggja síðustu setninganna komi setningin: *Eigur deildarinnar og starfssvæði renna til Rauða krossins í Skagafirði.*

Ákvörðun: **Breytingartillaga samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.**

Tillaga borin upp í heild

Ákvörðun: **Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.**

- n. Tillaga að niðurlagningu Súgandafjarðardeildar lögð fram. Sigríður Stefánsdóttir formaður kynnti.

Engin/n tók til máls.

Ákvörðun: **Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.**

- o. Tillaga að vinnu við eina kennitölu. Ívar Kristinsson gjaldkeri kynnti.

Halla Eiríksdóttir tók til máls. Ívar Kristinsson gjaldkeri svaraði.

Sigríður Stefánsdóttir formaður tók til máls.
Þorsteinn K. Björnsson tók til máls.

Halla Eiríksdóttir lagði fram breytingartillögu um að fyrri setning tillögunnar yrði: *Á næstu tveimur árum verði starf félagsins sameinað undir eina kennitölu.* Seinni setning tillögunnar haldist óbreytt.

Ákvörðun: **Breytingartillaga felld með 24 atkvæðum gegn 19. 7 sátu hjá.**

- p. Tillaga að ályktun um andúð í garð ákveðinna hópa. Óttarr Ólafur Proppé kynnti.

Engin/n tók til máls.

Ákvörðun: **Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum (48 atkvæði).**

- q. Tillaga að ályktun um brottfararstöð. Valgerður Bláklukka Fjölnisdóttir kynnti.

Engin/n tók til máls.

Ákvörðun: **Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum (48 atkvæði).**

- r. Tillaga að ályktun um fjármögnun almannavarna. Óttarr Ólafur Proppé kynnti.

Halla Eiríksdóttir lagði fram breytingartillögu um að setja inn eftirfarandi: *...sem sinnir lögbundnu hlutverki almannavarna, þ.e....* á eftir rekstrarumhverfi hjálparliðs almannavarna.

Ákvörðun: **Breytingartillaga samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.**

Tillaga borin upp í heild

Ákvörðun: **Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum (48 atkvæði).**

Kosning stjórnar

Kristján Sturluson úr kjörnefnd gerir grein fyrir tillögum kjörnefndar og kynnir frambjóðendum í hverjum lið fyrir sig.

Tillögur kjörnefndar eru svohljóðandi:

1) Kosning formanns til fjögurra ára.

Sigríður Stefánsdóttir, Rauða krossinum við Eyjafjörð, verði kosin formaður Rauða krossins á Íslandi til næstu fjögurra ára.

Ákvörðun: **Sigríður Stefánsdóttir kjörin formaður til 4ra ára með 45 atkvæðum, 2 skiluðu auðu.**

2) Kosning varaformanns til tveggja ára.

Jón Ásgeirsson, Rauða krossinum á höfuðborgarsvæðinu, verði kosinn varaformaður Rauða krossins á Íslandi til næstu tveggja ára.

Ákvörðun: Jón Ásgeirsson kjörinn varaformaður til 2ja ára með 45 atkvæðum, 2 skiluðu auðu.

3) Kosning eins stjórnarmanns til tveggja ára.

Valgerður Bláklukka Fjöl意思dóttir, Rauða krossinum á höfuðborgarsvæðinu, verði kjörin stjórnarmaður til næstu tveggja ára. Silja Ingólfssdóttir bauð sig fram á fundinum, ávarpaði hún fundinn og kynnti sig.

Ákvörðun: Silja Ingólfssdóttir kjörinn stjórnarmaður til tveggja ára með 34 atkvæðum. Valgerður Bláklukka Fjöl意思dóttir hlaut 13 atkvæði, 1 skilaði auðu.

4) Kosning fjögurra stjórnarmanna til fjögurra ára.

Auðbjörg Brynja Bjarnadóttir, Rauða krossinum á Klaustri, verði kjörin stjórnarmaður til næstu fjögurra ára.

Ákvörðun: Auðbjörg Brynja kjörin stjórnarmaður til 4ra ára með 45 atkvæðum.

Guðjón Herbert Eyjólfsson, Rauða krossinum á Suðurnesjum, verði kjörinn stjórnarmaður til næstu fjögurra ára.

Ákvörðun: Guðjón Herbert kjörinn stjórnarmaður til 4ra ára með 45 atkvæðum.

Ómar Valdimarsson, Rauða krossinum á höfuðborgarsvæðinu, verði kjörinn stjórnarmaður til næstu fjögurra ára.

Ákvörðun: Ómar Valdimarsson kjörinn stjórnarmaður til 4ra ára með 44 atkvæðum.

Sigurður Ólafsson, Rauða krossinum í Dala- og Reykhólahreppi, verði kjörinn stjórnarmaður til næstu fjögurra ára.

Ákvörðun: Sigurður Ólafsson kjörinn stjórnarmaður til 4ra ára með 43 atkvæðum.

5) Kosning tveggja varamanna í stjórn til tveggja ára.

Salvör Ísberg, Rauða krossinum á höfuðborgarsvæðinu, verði kjörin fyrsti varamaður í stjórn.

Ákvörðun: Salvör Ísberg kjörin fyrsti varamaður til 2ja ára með 44 atkvæðum.

Árni Jóhannsson, Rauða krossinum í Vík, verði kjörinn annar varamaður í stjórn.

Ákvörðun: Árni Jóhannsson kjörinn annar varamaður til 2ja ára með 42 atkvæðum.

6) Kosning skoðunarfyrtækis til tveggja ára

Grant Thornton

Enginn tók til máls.

Ákvörðun: Grant Thornton kjörið skoðunarfyrtæki til 2ja ára með meirihluta atkvæða.

7) **Kosning þriggja aðalmanna í kjörnefnd til fjögurra ára og tveggja varamanna í kjörnefnd til tveggja ára.**

Fundarstjóri lýsti yfir vanhæfi til að stýra þessum dagskrárliðum og bað Ingibjörgu Elínu Halldórsdóttur að taka við stjórn fundarins. Ingibjörg kynnti tillögu stjórnar til kjörstjórnar.

Guðný H. Björnsdóttir, Rauða krossinum á höfuðborgarsvæðinu var kjörin nefndarmaður á aðalfundi 2024 til 4ra ára og er ekki í kjöri.

Kristján Sturluson, Rauða krossinum á höfuðborgarsvæðinu verði kjörinn formaður til fjögurra ára.

Ákvörðun: **Kristján Sturluson kjörinn formaður kjörnefndar til 4ra ára með 42 atkvæðum.**

Halla Eiríksdóttir, Rauða krossinum í Múlasýslu verði kjörin nefndarmaður til fjögurra ára.

Ákvörðun: **Halla Eiríksdóttir kjörin nefndarmaður kjörnefndar til 4ra ára með 42 atkvæðum.**

Gunnar Már Gunnarsson, Rauða krossinum við Eyjafjörð verðir kjörinn nefndarmaður til tveggja ára.

Ákvörðun: **Gunnar Már Gunnarsson kjörinn nefndarmaður kjörnefndar til 2ja ára með 43 atkvæðum.**

Brynjar Þór Vigfússon, Rauða krossinum í Þingeyjarsýslu verði varamaður til tveggja ára.

Ákvörðun: **Brynjar Þór Vigfússon kjörinn varamaður í kjörnefnd til 2ja ára með 43 atkvæðum.**

Guðrún Vala Elísdóttir, Rauða krossinum á Vesturlandi verði varamaður til tveggja ára.

Ákvörðun: **Guðrún Vala Elísdóttir kjörin varamaður í kjörnefnd til 2ja ára með 43 atkvæðum.**

Fundinum bárust engin mótframboð.

8) **Kosning siðanefndar**

Elín Ósk Helgadóttir, kennari við lagadeild HR.

Ákvörðun: **Elín Ósk Helgadóttir kjörin nefndarmaður í siðanefnd með 45 atkvæðum.**

Ragnar Þorvarðarson, sendiráðunautur við sendiráð Íslands í Japan.

Ákvörðun: **Ragnar Þorvarðarson kjörinn nefndarmaður í siðanefnd með 44 atkvæðum.**

Sigurður Kristinsson, heimspekingur og prófessor við félagsvísindadeild HA.

Ákvörðun: **Sigurður Kristinsson kjörinn nefndarmaður í siðanefnd með 43 atkvæðum.**

Fundinum bárust engin mótframboð.

9) Tímasetning funda:

- Næsti aðalfundur verði haldinn 6. maí 2028.
Ákvörðun: Samþykkt samhljóma með lófaklappi.

Önnur mál

- 10) Þorsteinn Jónsson formaður Höfuðborgardeildar tók til máls varðandi ráðningu nýs framkvæmdastjóra. Sigríður Stefánsdóttir formaður svaraði.
- 11) Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum fyrir málefnalegan fund og lauk með því störfum, og gaf Sigríði Stefánsdóttur formanni orðið.
- 12) Formaður byrjaði á að þakka það traust sem henni og stjórn hafi verið sýnt og hét því að starfa af heilindum.
- 13) Fráfarandi stjórnarmönnum Rauða krossins á Íslandi var þökkuð stjórnarsetan og þeim gefið færi á að þakka fyrir sig.
 - a. Ívar Kristinsson
 - b. Unnsteinn Ingason
 - c. Símon Friðrik Símonarson
 - d. Valgerður Bláklukka Fjölnisdóttir.
- 14) Fundarstjóra aðalfundar, Kristjáni Sturlusyni, þakkað fyrir fundarstjórn.

Formaður Rauða krossins á Íslandi, Sigríður Stefánsdóttir, sleit aðalfundi Rauða krossins á Íslandi kl. 17:05 og þakkaði fundarmönnum fundarsetu og starfsmönnum fundarins fyrir sín störf.